

## Fundargerð

### 224. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 24. maí 2016 kl. 12<sup>15</sup>–14<sup>10</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG) ÚS  
Guðfinnur Johnsen (GJ) (fjarverandi)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Raftækjaúrgangur
- (3) Heyrúlluplast
- (4) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (223. fundar).

*Samþykkt*

#### 2. Raftækjaúrgangur

Framhaldið var umræðum stjórnar frá síðasta fundi um erindi Sorpu og Efnamóttökunnar, sem lagt fram á fundinum, um hækkun endurgjalds vegna raftækjaúrgangs. Einnig var bréf UAR um málið lagt fram. Á síðasta fundi stjórnar (nr. 222) fóru LG og BG yfir minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga til Sorpu um greiðslu frá Úrvinnslusjóði vegna móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi á söfnunarstöðvum sveitarfélaga. Eftirfarandi bókun var gerð um málið:

*Erindi [Sorpu og Efnamóttökunnar] verður ekki afgreitt að svo stöddu, meðan að það er til skoðunar hjá þar til bærum aðilum. Endurgjald Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila verður óbreytt þangað til niðurstaða liggur fyrir.*

Lagt var fram á fundinum bréf frá BGH og LG, dagsett 19.5.2016, til stjórnarformanns Úrvinnslusjóðs, GGÞ, um breytingar á endurgjaldi Úrvinnslusjóðs til sveitarfélaga vegna meðhöndlunar raftækjaúrgangs.

LG fór yfir lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 ásamt reglugerð nr. 442/2015 og bar saman við tilskipun ESB 2012/19/EB um meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Stjórnarmenn ræddu bréf BGH og LG um ósk um breytt endurgjald til hækkunar greiðslu til sveitarfélaga. ÓK fór yfir forsendur Úrvinnslusjóðs við útreikning á endurgjaldi til sveitarfélaga. ÓK fór yfir það að stjórn hafi ætlað sér að endurskoða greiðslur fyrir meðhöndlun á rr-úrgangi

samhliða óska á breytingu á álagningu úrvinnslugjalds á rr-tæki fyrir komandi haustþing Alþingis.

HÞH minnti á að stjórn hafi rætt og gert breytingar á endurgjaldi til þjónustuaðila rétt fyrir síðustu áramót eftir endurreikning vegna verðfalls á málmum á markaði. BS minnti á að þjónustuaðilar bíða eftir niðurstöðu stjórnar Úrvinnslujóðs til að þess að geta boðið í vinnu fyrir Sorpu hafandi fullvissu um hvert endurgjald Úrvinnslujóðs verður vegna geymslu á og flutning frá söfnunarstöðvum.

ÓK fór yfir þróun verðs á endursölumarkaði brotajárns, sem hefur hækkað nokkuð frá áramótum 2015/2016.

*Stjórn Úrvinnslujóðs fer nú sem áður eftir túlkun UAR á lagaákvæðum vegna aðstöðugjalds til sveitarfélaga.*

*ÓK falið að fara yfir forsendur að endurgjaldi til þjónustuaðila vegna meðhöndlunar á rr-úrgangi.*

*Umræðu frestað. Boðað verður til aukafundar stjórnar þann 31. maí. 2016*

### **3. Heyrúlluplast**

Á 217. stjórnarfundum haldinn 26.1.2016, var gerð grein fyrir heyrúlluplasti sem PM Endurvinnsla náði ekki að endurvinna áður en fyrirtækið varð gjaldþrota. PM endurvinnsla leigði aðstöðu hjá Íslenska Gámafélaginu fyrir starfsemi sína. Áætlað magn af heyrúlluplasti á svæðinu er 316 tonn. BGH yfirgaf fund kl. 13:50.

Umræðu frestað.

### **4. Önnur mál**

Flokka ehf.

Kt. 410606-0460

Borgarteigi 12

550 Sauðárkróki

Óskar að gerast þjónustuaðili við meðhöndlun og förgun spilliefna samkvæmt skilmálum merktum ÚRVS-01-2009.

*Samþykkt.*

Óskar að gerast þjónustuaðili við meðhöndlun og úrvinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs samkvæmt skilmálum merktum ÚRVS-01-2014.

*Samþykkt.*

Næsti fundur ákveðinn 31. maí 2016.

Fundi slitið kl 14:10